



## 9. stjórnarfundur HSV starfsárið 2017-2018. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, mánudaginn 16. apríl 2018 kl. 16.30.

Mætt eru Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Hildur Elísabet Pétursdóttir, Karl Ásgeirsson, Heimir Hansson og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð.  
Ingi Björn Guðnason, Páll Janus Þórðarson, Elín Marta Eiríksdóttir og Elísa Stefánsdóttir boðuðu forföll.

### Dagskrá fundar

1. Styrkur frá Skaginn3x. Framkvæmdastjóri leggur fram gögn um úthlutun styrksins. Stjórn samþykkir að senda upplýsingar til félaga og óska eftir umsóknum fyrir 1. maí.
2. Undirbúningur fyrir ársþing
  - a) Lagabreytingatillaga  
Skoðuð tillaga að lagabreytingu frá stjórn HSV
  - b) Rekstraráætlun framkvæmdastjóri leggur fram drög að áætlun. Fullkláruð áætlun verður send til stjórnarmanna í tölvupósti.
  - c) Aðrar tillögur  
Formaður leggur til að stjórn beri upp tillögu um að HSV sæki um að halda unglingalandsmót árið 2021. Stjórn samþykkir einróma.  
Framkvæmdastjóri leggur til að hvatningar og þakkartillögur verði settar saman í tvær tillögur. Það er samþykkt.  
Stjórn er sammála um að mikilvægt sé að halda áfram með undirbúning að byggingu Knattspyrnuhúss. Samþykkt að koma með tillögu þar um.
  - d) Ársreikningur er í vinnslu og verður tilbúinn í næstu viku.
  - e) Stjórnarkjör
    - a. Guðný formaður gefur ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku.
    - b. Páll Janus og Kalli ganga úr stjórn. Kalli gefur kost á sér áfram, Páll Janus gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu.
    - c. Varamenn eru kosnir til eins árs, Heimir og Elísa gefa kost á sér áfram en Elín Marta hyggst hætta.
  - f) Heiðranir  
Rætt um heiðranir á ársþingi. Framkvæmdastjóri falið að vinna það áfram.
3. Önnur mál
  - a. Landsmót umfí  
Stjórn hvetur til almennrar þátttöku á landsmótum UMFÍ í sumar. Reynt verður að stuðla að auka liðsheild og þátttöku frá HSV.